



Stjórnarfundur 5 fimmtudaginn 22. október 2009 kl. 17.15 á skrifstofu BLÍ

Mætt: Jason Ívarsson formaður, Aðalheiður Sigursveinsdóttir, Svala Vignisdóttir, Stefán Jóhannesson kom seint.

Afboð og mættu ekki: Davíð Búi Halldórsson, Hreggviður Norðdahl, Óskar Hauksson og Valdimar Hafsteinnsson.

Dagskrá fundarins

- Mótamál
- Dómarar + námskeið
- Landslið, einkum U - 19, U – 17
- Uppsóp frá ársþinginu (það sem var vísað til stjórnar)
- NEVZA samstarf
- Samningar
- Tilkynningar og önnur mál

Fundargerð

Landsliðsmál

- Í upphafi fundar var tekin fyrir skýrsla Ástu Sigrúnar Gylfadóttur, fararstjóra U19 ferðarinnar til Íkast í Danmörku. Í skýrslunni kom fram um agabrot þriggja unglíngalandsliðsmanna. Stjórn BLÍ lítur málið alvarlegum augum og var ákveðin refsing í samræmi við alvarleika brotsins.
- Jason skrifar bréf vegna þessa stílað á þessa þrjá einstaklinga og þeim tilkynnt refsingin sem ákveðin var.
- U17 ára verkefnið er að fara í gang og búið að ráða þjálfarana Apostol Apostolov (kvk) og Zdravko Demirev (kk). Ferðin sjálf er á erfiðum tíma, 19.-23. desember.
- Stjórn BLÍ ákvað að senda A landslið sín til keppni í Evrópukeppni Smáþjóða á næsta ári. Umræða var innan stjórnar á milli funda vegna þessara mála og einnig athugað hvort við gætum haldið undanriðil í EM smáþjóða. Ákveðið var að taka ekki undanriðil til Íslands.

Mótamál

- Nú eru flest mótin tilbúin og stefnir í metfjölda liða. Mótin má finna á www.blak.is sem hefur reynst afar vel. Heiða gerði athugasemd við mótakerfið á þá leið að leiðin sé of löng til að sjá stöðu í deildunum. Mun Sævar athuga hvort hægt sé að gera tengingu inn á www.bli.is með stöðuna uppfærðri sjálfvirkt.
- Bikarmót – Bridgestonebikarinn verður kynntur til sögunnar í næstu viku og félögin beðin um að senda inn þátttökutilkynningu. Bikarmót 1 fer fram í Fylkishöll 28.-29. nóvember og Bikarmót 2 verður á Akureyri 13.-14. febrúar.

Dómarar og námskeið

- Nú þegar hafa verið haldin fjögur dómarnámskeið af sex talsins sem halda átti í haust. Sævar hélt námskeið á Ísafirði og á Akureyri. Jón Ólafur hélt námskeið í Grundarfirði og í Reykjavík. Samtals hafa um 50 manns sótt námskeiðin og megnið af þeim útskrifast sem héraðsdómarar.

Uppsóp frá Ársþingi

- 3ja manna nefnd fyrir kosningu í lið ársins. Vegur 50% á móti kjöri leikmanna. Aðeins var rætt um hverja ætti að skipa í nefndina og nöfn Björns Guðbjörnssonar og Leifs Harðarsonar nefnd. Ákveðið var að fresta því að fjalla frekar um nefndina þar til á næsta fundi og koma þá með lokatillögu að nefndarmönnum.

NEVZA samstarf

- Er búið að boða til fundar þann 5. nóvember. Ákveðið var að Stefán Jóhannesson færi á fundinn ef við fáum fundarmiða hjá ÍSÍ í flugið. Hótelíð greiðir BLÍ.

Samningar

- Náðst hafa samningar um Bikarkeppni BLÍ og Efstu deildir BLÍ. Betra Grip og BLÍ sömdu um bikarkeppnina þannig að nú er heiti hennar Bridgestone bikarinn. Munir & Merking og BLÍ hafa náð samkomulagi um heiti á deildarkeppni efstu deildar, MIKASA deild karla og kvenna.

Önnur mál

- Formannafundur ÍSÍ er dagsettur þann 20. nóvember.
- ÍSÍ hefur sent BLÍ viðurkenningar fyrir þátttakendur í Smáþjóðaleikunum á Kypur. Sævar sér um að það skili sér til rétttra aðila
- Bréf vegna gjaldtöku á félagaskiptum undir 18 ára aldri barst BLÍ frá barnaverndaryfirvöldum. Bréf sem var sent til allra sérsambanda um að rukka ekki inn gjald vegna félagaskipta.
- Bréf frá blakdeild Þróttar R tekið fyrir. Ákveðið að fella niður 25.000 kr. af mótagjöldum félagsins. Samskonar samkomulag var gert fyrir á árinu á milli BLÍ og Fylkis um uppbyggingarstarf.
- Stefán bað Sævar um að gera frétt um U17 á heimsíðu BLÍ – segja frá verkefninu og þjálfurum.
- Heimasíðan var rædd á fundinum og athugað með að fleiri í stjórn BLÍ fái aðgang til að gera síðuna skilvirkari.

Fundi slitið kl. 18.45

Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð